

Grindavík 2. febrúar 2009

Kæri þingmaður.

Bæjarstjórn Grindavíkur hefur ákveðið að koma því til leiðar að byggður verði og starfræktur menntaskóli í Grindavík. Undirbúningur hefur staðið frá því í sumar. Mér var falið það starf og hef safnað nauðsynlegum gögnum, gert áætlanir um gerð, skipulag og það námsframboð sem stefnt er að boðið verði upp á og gert drög að skólanámskrá.

Hugmyndin er að byggt verði húsnaði fyrir skólann. Það húsnaði skal einnig hýsa ýmsa menningarstarfsemi bæjarins s.s. tónlistarskóla, bókasafn, aðstöðu fyrir félagsstarf unglunga o.fl. Um staðsetningu slíks mennta- og menningarhúss horfa menn til þeirrar lóðar þar sem Festi er. Í því sambandi vilja menn skoða hvort nota megi núverandi byggingu að einhverju leyti eða hvort byggja þurfi frá grunni.

Atvinnuleysi eykst nú dag frá degi. Grindavíkurbær er eitt af fjársterkari bæjarfélögum landsins. Bygging mennta- og menningarhúss fyrir mörg hundruð milljónir mun útvega fjölda manns atvinnu á mörgum sviðum. Að mínu viti er ekki hægt að hugsa sér heppilegri tíma til að ráðast í slíkt verkefni.

Það ríkir mikill einhugur um þetta mál í bæjarstjórn og skipaði hún undirbúningsnefnd s.l. vor. Í henni sitja Garðar Páll Vignisson, formaður, Guðmundur L. Pálsson og Petrína Baldursdóttir. Nefndin, bæjarstjóri og verkefnisstjóri sóttu fund í menntamálaráðuneytinu í desember s.l. Af hálfu ráðuneytisins sátu fundinn ráðuneytisstjóri ásamt tveimur sérfræðingum. Niðurstaða af fundinum var sú að ákveðið var að ráðherra skipaði nefnd sem fái það hlutverk að vinna málinu framgang. Enn hefur ekki orðið að stofnun nefndarinnar, en vilji bæjarstjórnar er að skólastarf geti hafist í haust.

Markmið menntaskóla í Grindavík er að verða öflugur og framsækinn framhaldsskóli. Markmið hans er framar öðru að efla menntun og bæta búsetuskilyrði í sveitarfélaginu. Hann mun byggja á nýjum lögum um framhaldsskóla, vera einkarekinn og bjóða upp á framhaldsskólapróf, starfsnámsbrautir og þriggja ára nám til stúdentsprófs. Sérstaða Grindavíkur verður lögð til grundvallar.

Framhaldsskólar hafa risið víða í byggðarlögum líkum Grindavík. Það er samdóma álit flestra að stofnun slíkra skóla hafi verið mikil lyftistöng og framfaraspor fyrir viðkomandi byggðarlag. Ég læt hér fylgja með umsögn Árna Þorvaldssonar, bæjarfulltrúa á Höfn í Hornafirði, er ég ræddi við hann s.l. haust. Hann sagði:

„Höfn og Grindavík eru örugglega um margt lík samfélög, bæði byggja þau tilveru sína að mestu leyti á sjávarútvegi og starfsemi tengdri fiskvinnslu. Þó verður að hafa það í huga að helstu rökin fyrir uppbyggingu framhaldsskólans árið 1987 voru þau að um langan veg var að fara fyrir nemendur ef þau vildu komast í

framhaldsnám. Það var á rökum reist vegna þess að við sjáum að u.þ.b. 70 – 80 hvers árgangs á Hornafirði stundar nám í FAS að lokinni grunnskólagöngu. Það hefur þess vegna komið á daginn að uppbygging framhaldsskólans á Höfn hefur reynst einhver farsælasta byggðaaðgerð þessa svæðis á síðustu árum. Því eru flestir Hornfirðingar sammála. FAS er ein af kjölfestunum í byggðarlaginu”.

Þessi ummæli byggja á rökum sem á margan hátt eiga vel við í Grindavík. Framhaldsskóli mun reynast hér farsæl stofnun og kjölfesta menningar. Hann mun auðvelda fólki aðgang að námi og verða til þess að fleiri unglingar leita sér menntunar og við það munu einnig fyrirtæki og atvinnurekendur eiga kost á betur menntuðu og færara starfslíði.

Það gefur og auga leið, að menntaskóli hér veitir ungu fólki kost á að sækja skóla nærri heimilum sínum svo að fjarlægð og óöryggi samfara ferðum um hættulega vegi í misjöfnu veðri hættir að vera foreldrum áhyggjuefni. Samstaða unglinga heima fyrir mun styrkjast og koma í veg fyrir rötleysi og tilgangslaust ráp þeirra eða uppákomur. Samstarf heimilis og skóla verður auðveldara og samskipti foreldra og barna þeirra nánari.

Það er sannfæring mín að stofnun og starfsemi menntaskólans mun verða Grindavík mikið happa- og framfaraspor.

Ég vil áréttta að stefnt er að skólinn verði einkarekinn. og mun Grindavíkurbær leggja fé til hans. Gert er ráð fyrir að fimmtíu nemendur hefji nám við skólann í haust. Þessir nemendur myndu annars flestir fara til Keflavíkur. FS fengi þá það fé sem þeim fylgir. Hér er því ekki nema að litlu leyti um ný útgjöld að ræða fyrir ríkið heldur tilflutning á fé.

Eyjólfur Bragason,

verkefnisstjóri

Netfang: eyjolfurre@simnet.is

Gsm. 898 03 03

Hjálagt:

Punktur frá fundi með ráðuneytisstjóra, mrn. og sérfræðingum hans

Þakkarbréf til ráðuneytisstjóra